



Reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Rangárbæingum ytra árið 2022

Reglur um afslátt af fasteignaskatti og fráveitu- og rotþróargjaldi til elli- og örorkulífeyrisþega í sveitarfélaginu Rangárbæingum ytra.

1. gr.

Fasteignaskattur og fráveitu- og rotþróargjald af íbúðarhúsnæði í eigu tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega í sveitarfélaginu Rangárbæingum ytra sem þeir nýta sjálfir, skal lækkaður eða felldur niður samkvæmt heimild í 4.mgr. 5.gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Til að njóta afsláttar þarf að uppfylla annað hvort:

- a) vera 67 ára á næsta ári á undan álagningarári eða
- b) hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir 1. janúar 2021.

Afslátturinn nær einungis til þeirrar íbúðar sem viðkomandi sannanlega býr í. Rangárbæingum ytra sækir upplýsingar við útreikning afsláttar í upplýsingakerfi ríkisskattstjóra. Ekki er þörf á að sækja um afsláttinn til sveitarfélagsins nema samkvæmt 4. gr. hér að neðan.

3. gr.

Niðurfelling eða lækkun miðar við allar skattskyldar tekjur þ.m.t. fjármagnstekjur ársins 2019 eins og þær eru samkvæmt skattframtali 2020, endurskoðað í ágúst miðað við tekjur 2020 samkvæmt skattframtali 2021. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

a) Ef um er að ræða **einstaklinga**;

- með brúttótekjur undir kr. 3.411.083 getur niðurfelling orðið 100%
- með brúttótekjur milli 3.411.084 – 3.943.670 kr. getur niðurfelling orðið 75%
- með brúttótekjur milli 3.943.670 – 4.504.152 kr. getur niðurfelling orðið 50%
- með brúttótekjur milli 4.504.153 – 5.072.243 kr. getur niðurfelling orðið 25%

b) Ef um er að ræða **hjón**;

- með brúttótekjur undir 5.083.656 kr., getur niðurfelling orðið 100%
- með brúttótekjur milli 5.083.657 – 5.860.975 kr. getur niðurfelling orðið 75%
- með brúttótekjur milli 5.860.976 – 6.629.422 kr. getur niðurfelling orðið 50%
- með brúttótekjur milli 6.629.423 – 7.416.889 kr. getur niðurfelling orðið 25%

Viðmiðunartekjurnar eru heildartekjur umsækjanda, þ.e tekjur sem mynda álagningarstofn tekjuskatts- útsvars og fjármagnstekjuskatts eins og þessar tekjur voru næsta ári á undan álagningarári.

4. gr.

Við fráfall maka/sambýlismanns tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega er eftirlifandi maka með tekjur allt að 5.720.407 krónur á ári heimilt að sækja um sérstakan afslátt af fasteignaskatti og fráveitu- og rotþróargjaldi af húsnæði sem hann býr í. Tekjuviðmið eru þau sömu og í 2.gr. um tekjuviðmið.

Ágúst Sigurðsson
sveitarstjóri Rangárbæings ytra